



Samstarfsyfirlýsing um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda

Forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Snorrastofa lýsa, í tilefni af því að nú eru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, yfir vilja til samstarfs um átaksverkefni til fimm ára um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda.

Með átaksverkefninu leggja samstarfsaðilar áherslu á að efla rannsóknir sem tengjast þeim stöðum á Íslandi þar sem ritmenning blómstraði á miðöldum. Vonir standa til að nákvæmar lýsingar á þeim bókmenntastöðum sem verða fyrir valinu verði unnar og rök færð fyrir menningarlegu vægi þeirra handrita og bókmenntaverka sem ritstofnunum tengjast. Leitað verður eftir verkefnum á sviði fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði.

Dagleg umsýsla með framkvæmd verkefnisins verður í höndum Snorrastofu, samkvæmt sérstökum samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, með stuðningi þriggja manna fagráðs. Í fagráði munu sitja Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem verður formaður, Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, og Águst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra og formaður Oddafélagsins.

Stefnt er að því að veita 35 millj. kr. á ári til verkefnisins og umsýslu þess í fimm ár, frá og með árinu 2020. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem fer með yfirstjórn og ábyrgð á framkvæmd verkefnisins, mun auglýsa eftir umsóknum um styrki og skipa sérstaka úthlutunarnefnd þegar umsóknir liggja fyrir. Úthlutunarnefndin gerir tillögur um úthlutun styrkja, í samstarfi við Rannís, til ráðherra mennta- og menningarmála sem tekur ákvörðun um úthlutun styrkja að höfðu samráði við forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Reykholts í Borgarfirði, 22. ágúst 2019

Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Stofnunar Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum

Kahn Jelubebi
Forsætisráðherra

Mennta- og menningarmálaráðherra

Egill Á. Ásgeirsson
F.h. Snorrastofu